

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Klettastígur í Esju, birtist í Morgunblaðinu í dag þ.e. fimmtudaginn 4. apríl 2024. Tillagan er í kynningu frá 4. apríl 2024 til og með 23. maí 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, www.skipulagsgatt.is

Klettastígur í Esju

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. mars 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 14. mars 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kjalarness, Mógilsár og Kollafjarðar. Í breytingunni sem lögð er til felst að setja upp klettastíg við Fálkaklett í Búahömrum Esju. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **4. apríl 2024 til og með 23. maí 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.

Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum þessa gátt eigi síðar en 23. maí 2024. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.



Með kveðju,
Þuríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarhvítu ef nauðsyn krefur.